

### **Áfangalýsing:**

Áfanginn er ætlaður nemendum í 2. og 4. bekk sem lært hafa þýsku og hafa áhuga á kvikmyndum og kvikmyndagerð.

Þjóðverjar eiga langa kvikmyndasögu að baki. Í þessum áfanga verður sjónum beint að kvikmyndum samtímans. Kvikmyndir frægra leikstjóra eins og t.d. Oliver Hirschbiegel (Der Untergang, Das Experiment), Fatih Akin (Auf der anderen Seite), Florian Henckel von Donnersmarck (Das Leben der anderen) og Wim Wenders (Der Himmel über Berlin) verða til umfjöllunar. Nemendur kynna sér einnig hvaða aðrir leikstjórar hafa náð alþjóðlegum frama og jafnframt hverjir eru helstu leikara Þýskalands.

Einnig verður farið stuttlega í samstarf Íslendinga og Þjóðverja í kvikmyndaiðnaðinum sem er merkilega mikið ef vel er að gáð.

Skyggst verður inn í heim stuttmynda og spáð í gerð þeirra. Fjallað verður um handritsgerð, upptöku, klippingu og ýmislegt fleira sem tengist kvikmyndum og vinnslu þeirra. Nemendur fá að spreyta sig á gerð stuttmynda bæði á þýsku og íslensku og taka einnig þátt í stuttmyndakeppni Félags þýskukennara.

### **Námsefni og kennslugögn:**

Engin kennslubók er notuð í áfanganum en nemendur geta reiknað með að þurfa að leigja sér mynd á Amtsbókasafninu eða á leigum bæjarins á eigin kostnað ef þeir vilja ekki nýta sér þær myndir sem skólinn hefur yfir að ráða. Gögn frá kennara

Í þessum áfanga er ekkert lokapróf, heldur er hverjum hluta hans lokið með mismunandi verkefni (einstaklings-, para- eða hópverkefnum) og munnlegu paraprófi sem teljast til lokaeinkunnar.

Vinnueinkunn byggist fyrst og fremst á **mætingum og virkni í tímum** (munnlegri og skriflegri), einnig á skilum á verkefnum og almennri ástundum. Nemendur sem ekki komast í tíma verða að vinna upp utan skólatíma það sem gert var, hvort heldur sem er að horfa á myndir sem teknar voru til umfjöllunar, eða með auknu vinnuframlagi í hóp- og paraverkefnum.

### **Námsmat:**

- 15% Stuttmynd á þýsku skilafrestur 6. mars (6. vika) (opinber skilafrestur 11. mars)
- 10% Tímapróf úr Der Untergang 12. mars (7.vika)
- 10% Tímapróf úr Das Leben der Anderen 11. apríl (10. vika)
- 10% Einstaklingsverkefni um þýskan leikstjóra eða leikara 8. apríl (10. vika)
- 10% Kvikmyndagagnrýni (einstaklingsverkefni) 2. maí (13. vika)
- 15% Munnlegt parapróf um kvikmynd 16. maí (15. viku)
- 15% Stuttmynd á íslensku skilafrestur 21. maí (16.vika)
- 15% Vinnueinkunn (virkni í tímum, mæting, skilaverkefni, ástundun)

Námsáætlun vorönn 2013

<p>1. – 6. vika: 1. febrúar – 9. mars</p> <p>Náms- og starfskynning í Rvk. hjá 4. bekk. 7. - 9. mars</p>	<p>Kynning á stuttmyndasamkeppni Félags þýskukennara. <b>Skiladagur 6. mars (gildir 15%).</b></p> <p>Kynning á gerð stuttmynda, gerð handrita, myndatöku og spáð í sjónarhorn og tónlist. Uppkast að handriti, textar samdir á þýsku.</p> <p>Fyrri einstaklingsverkefni sett fyrir: Kynning á þekktum þýskum leikara eða leikstjóra. Nánar í verkefnalýsingu.</p> <p>Unnið að upptöku stuttmyndar og klippingu. Kynna myndirnar fyrir bekknum og horfa á þær.</p> <p>Kvikmyndin der Untergang sýnd inn á milli og verkefni gerð.</p>
<p>7. - 10. vika: 10. mars – 13. apríl</p> <p>Velgengnisdag ar í 2. bekk 20.-22. mars</p> <p>Páskafrii 23. mars – 2. apríl</p>	<p><b>Tímapróf úr kvikmyndinni 12. mars (gildir 10%).</b></p> <p>Fjallað stuttlega um þýsk-tyrkneskar myndir og horft á myndina Auf der anderen Seite eftir Fatih Akin.</p> <p>Tengsl Íslands og Þýskalands í kvikmyndum, verkefnavinna í tíma.</p> <p>Fjallað stuttlega um Austur-Þýskaland og Stasi. Horft á myndina Das Leben der Anderen.</p> <p><b>Skiladagur á fyrri einstaklingsverkefni: 8. apríl (gildir 10%).</b></p> <p><b>Tímapróf á íslensku úr Das Leben der Anderen 11. apríl.</b></p>
<p>11. - 16. vika: 13. apríl – 25. maí</p>	<p>Fjallað um kvikmyndagagnrýni. Nemendur skoða texta í íslenskum blöðum.</p> <p>Seinna einstaklingsverkefni sett af stað. Nemendur velja þýska mynd á bókasafni skólans eða Amtsbókasafninu og skrifa gagnrýni um hana á íslensku. Nánar í verkefnalýsingu.</p> <p>Vinna við seinni stuttmynd hefst. Nánar í verkefnalýsingu.</p> <p>Kvikmyndin Der Himmel über Berlin tekin til umfjöllunar.</p> <p>Kvikmyndin Das Experiment tekin til umfjöllunar.</p> <p><b>Samtalspróf úr kvikmyndum annarinnar (parapróf) 16. maí (gildir 15%).</b></p> <p><b>Skiladagur á kvikmyndagagnrýni 2. maí (gildir 10%).</b></p> <p><b>Skiladagur á seinni stuttmynd 21. maí (gildir 15%)</b></p>